

Mánudaginn 16. desemberánaðar.

Nr. 23/1907:

Kaupmaður Ágúst Flygenring
gegn

Oddi Gíslasyni f. h. Pickering
& Haldane's Steam Trawling
Co. Ltd. Hull.

D ó m u r :

Þá er fiskiskipið Leslie, eign áfrýjandans og nokkurra annara manna, var á leið frá Eyjafirði til Hafnarfjarðar haustið 1905 og var komið fyrir mynnið á Breiðafirði, hrepti þar storm á móti, og með því að kol voru á þrotum, þótti eigi ráðlegt að halda lengra áfram að svo komnu. Var þá snúið aftur og stefnt til Patreksfjarðar; en er komið var norður fyrir Látrabjarg, hafði vindstaða breyzt og stóð nú af norðaustri; þótti þá skipstjóra það eigi tiltækilegt að halda áfram, með því að kol voru lítil; sneri hann því við og hélt undan vindi og sjó suður fyrir Látrabjarg. Á leið þeirri hitti eða mætti Leslie ensku botnvörpuskipi frá Hull, Micado að nafni, gaf því merki að það óskaði viðtals við það, og varð Micado við þeirri ósk; áttu menn á skipunum þá viðtal þar úti á rúmsjó, og var það þess efnis, eftir skýrslu skipstjórans í Leslie, að hann bað um að sér væru seld 2—3 tons af kolum; Leslie fekk þó eigi kolin, því að skipstjórinn á Micado synjaði um þau, en bæði skipin héldu nú suður og austur fyrir Látrabjarg inn á Rauðasandsvík, og lögðust þar fyrir akkerum; lagðist Micado innar, en Leslie utar. Þetta var að kvöldi dags hins 3. október; um nóttina var all-hvast og rak Leslie fyrir part

nætur þar á vikinni fyrir grunnfærum sínum, en eigi þegar á leið. Næsta morgun dró Leslie upp grunnfærin og kom það þá í ljós, að brotinn var annar spaðinn og nokkuð af leggnum af hinu stærra akkeri skipsins, en það hafði 2 akkeri, 600 og 500 pund. Færði Leslie sig þá að Micado og fekk að festa sig aftan í það skip, en eigi fekk skipstjórinn á Leslie kol hjá skipstjóranum á Micado, þó hann þá ítrekaði beiðni sína um það. Lágu svo skipin þar fram eftir deginum, unz veðrinu slotaði, en síðari hluta dags hélt Micado til Patreksfjarðar og dró Leslie með sér, og komu skipin þangað kl. 8 um kvöldið. Viðskifti skipstjórana virðast hafa verið á þann veg, að þegar skipstjórnin á Micado synjaði skipstjóranum á Leslie um kolin, er hann bað um, þá hafi hinn fyrnefndi boðið hinum síðarnefnda að draga Leslie til Patreksfjarðar og var það tilboð þegið, en ekkert sömdu þeir um borgun, hvorki á undan né eftir að þeir komu til Patreksfjarðar.

Útgjörðarmenn skipsins Micado telja nú, að skip þetta hafi bjargað skipinu Leslie með aðstoð þeirri, sem það eftir framanskifuðu veitti því, og hafa þeir því krafist bjarglauna 7200 kr. af útgjörðamönnum og eigendum Leslie og sýnast þeir miða þau við verð þessa skips, en hinir síðarnefndu þykjast aðeins eiga að greiða hæfileg ómakslaun til botnvörpuskipsins Micado fyrir að draga Leslie til Patreksfjarðar og þóknun fyrir það sem það brúkaði meira af kolum á þeirri leið vegna dráttarins, og þetta segjast þeir þegar í upphafi hafa boðið fram. Með því að útgjörðarmenn botnvörpuskipsins Micado eigi vildu láta sér þetta nægja, höfðuðu þeir mál gegn áfrýjandanum, kaupmanni Agústi Flygenring, fyrir gestarétti

Kjósar- og Gullbringusýslu, en hann hefir lýst því yfir, að hann taki á móti málinu sem eigandi og útgjörðarmaður skipsins Leslie. Málið var dæmt í gestaréttinum 3. apríl þ. á., á þá leið, að Agúst kaupmaður Flygenring var dæmdur til að greiða Pickering & Haldane's Steam Trawling Co. Ltd. Hull 3000 kr. með 5% vöxtum frá stefnudegi 18. apríl f. á. og 60 kr. í málskostnað. Þessum gestaréttardómi hefir kaupmaður Agúst Flygenring skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. júní þ. á., og krafist þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að áfrýjandi verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda hæfilega þóknun fyrir ómak það og sérstakan tilkostnað, sem Micado hafði af því að draga Leslie af Raudasandsvík til Patreksfjarðar, hvorttveggja eftir dómkvaddra manna mati, án nokkurrar vaxtagreiðslu, þar sem áfrýjandi hafi boðið þetta fram þegar frá upphafi, og stefndi af sömu ástæðu verið dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati réttarins. Stefndi yfirréttarmálaflutningsmaður Oddur Gíslason í umboði fyrir Pickering & Haldane's Steam Trawling Co. Ltd. Hull hefir að sinni hálfu gjört þá réttarkröfu, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir haldið því fram, að skipið Micado hafi »bjargað« skipinu Leslie og krafist fyrir því björgunarlauna, er miðuð séu við verð hins bjargaða skips, og hefir gestaréttardómurinn fallist á þessa skoðun stefnda. En fyrst ber þess að gæta, að í vorum lögum eru engin ákvæði um bjarglaun né upphæð bjarglauna, er miðist við verðmæti hins bjargaða, þegar svo á stendur, eins og

hér á sér stað; ákvæðin í lögum um skipströnd 14. jan. 1876, svo sem í 25. gr. þeirra, geta eigi átt hér við, hvorki beinlínis né anlogice. En svo verður heldur eigi álitíð eftir eftir skýrslum þeim, er fram eru komnar í málinu, að Leslie hafi verið svo nauðulega stödd hinn 4. október 1905, að útséð hafi verið um skipið svo fram- arlega Micado eigi hefði fest það við sig og dregið það til Patreksfjarðar. Skipið var komið í allgott lægi á Rauðasandsvík, þar sem afdrep er fyrir norðan- og aust- anátt, en veður var einmitt við norður. Skipið hafði 2 akkeri, 500 og 600 pund; að vísu var spaðinn brot- inn af þyngra akkerinu, en þar fyrir var það þó eigi al- veg gagnslaut, og hitt akkerið hafði skipið eftir. Skip þetta var upprunalega seglskip, en síðar hafði verið sett í það gufuvél, það hafði 3 segl við sitt hæfi og er það vottað í málinu af mönnum sem ætla má að vit hafi haft á því, að það geti »bjargað sér með þessum seglum ef maskínan bilar.« Skipið var kolalítið, en þó eigi kola- laust; það hefir eftir skýrslum málsins haft kol að minsta kosti til 1 klukkutíma. Nú er stutt leið með strönd fram frá Rauðasandsvík til Patreksfjarðar, og eigi verður sjóleiðin heldur kölluð löng frá víkinni til Breiðafjarðar- hafnanna, Flateyjar og jafnvel Ólafsvíkur, þvert yfir mynni Breiðafjarðar. Það er gert mjög sennilegt í mál- inu, að Leslie hefði getað haldist við á Rauðasandsvík unz færiveður gafst til Patreksfjarðar eða til hafnanna á Breiðafirði og síðan komist á einhverja þessara hafna hjálparlaust, og skal það í þessu sambandi tekið fram, að þó að Leslie festi sig við Micado á Rauðasandsvík, þá er það eigi sannað í málinu, að það hafi verið óum- flýjanleg bjargráð. Það virðist og mega ráða það af

málinu, sérstaklega af því atviki, að Micado þurfti ekki að taka nein kol á Patreksfirði, eftir að hafa dregið Leslie þangað, að Micado hefði sér að meinlausu getað hjálpað Leslie um kol þau, er Leslie þarfnaðist, og hefði skip þetta þá verið sjálfbjarga að öllu og ekki um frekari hjálp eða björgun að ræða. Það verður þannig eigi staðhæft, eftir skýrslum málsins, að Micado hafi bjargað Leslie, en hitt er sannað og viðurkennt af áfrýjanda, að nefndur botnvörpungur hafi veitt Leslie hjálp og aðstoð, er þetta skip var illa statt, en hjálpin var í því fólgin, að Micado leyfði Leslie að festa sig við botnvörpunginn og að botnvörpungurinn síðan dró fiskiskipið til Patreksfjarðar. Fyrir þessa hjálp og aðstoð eiga stefndu heimtingu á hæfilegu endurgjaldi, er miðist við fyrirhöfn þá og kostnað, er það bakaði Micado. Með því að dómurinn eigi getur ákveðið endurgjald þetta eftir skýrslum þeim, sem fyrir liggja í málinu, en til þess að ákveða það þarf kunnugleika og sérþekkingu á skipum og siglingum, verður að fela 2 dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er gott skyn bera á málið, að ákveða endurgjaldið, þó svo, að það fari eigi fram úr 3000 kr., því að þessa upphæð láta hinir stefndu sér lynda, þar sem þeir hafa eigi áfrýjað gestaréttardóminum. Það þykir rétt að dæma hinum stefnda vexti af mats-upphæðinni 5% frá dagsetningu gestaréttarstefnunnar 18. apríl f. á. til greiðsludags, en eftir öllum málavöxtum virðist málskostnaður fyrir báðum dómum eiga að falla niður.

Þ v i d æ m i s t r é t t v e r a :

Áfrýjandi kaupmaður Ágúst Flyngenring greiði stefnda Oddi yfirréttarmálaflutningsmanni Gíslasyni

fyrir hönd Pickering & Haldane's Steam Trawling Co. Ltd. Hull endurgjald eftir framansögðu fyrir það að botnvörpugufuskiði Micado dró fiskigufuskiði Leslie hinn 4. október 1905 frá Rauðasandsvík til Patreksfjarðar, og skal endurgjaldsupphæðin metin af 2 dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er gott skyn bera á málavexti, þó má upphæðin eigi fara fram úr 3000 kr. Áfrýjandi skal og greiða stefnda 5% vexti af matsupphæðinni frá stefnudegi til boigunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 24/1907:

Eggert Claessen fyrir hönd
Rich. Ekwall í Halmstad
gegn
hlutafélaginu Völundi.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Oddur yfirréttarmálaflutningsmaður Gíslason fyrir hönd timbursala Rich. Ekwall í Halmstad fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn hlutafélaginu Völundi í Reykjavík til greiðslu eftirstöðva 3367 kr. 59 aur. af borgun fyrir timburfarm, er Ekwall hafði sent hlutafélaginu, og var málið dæmt í nefndum rétti 12. júlí f.